

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 18/2003**

**frá 31. janúar 2003**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/1999 frá 2. júní 1999 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1145/2002/EB frá 10. júní 2002 um hvetjandi ráðstafanir bandalagsins á sviði atvinnumála <sup>(2)</sup>.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að þessi aukna samvinna geti hafist frá 1. janúar 2003.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 15. gr. í bókun 31 við samninginn:

1. Eftirfarandi komi í stað textans í 5. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í starfsemi bandalagsins sem um getur í fyrsta undirlið 8. mgr. frá 1. janúar 1999 og starfsemi sem um getur í öðrum undirlið frá 1. janúar 2003.“

2. Í stað orðsins „gerð“ í 8. mgr. komi orðið „gerðir“.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 170, 29.6.2002, bls. 1.

„- **32002 D 1145**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1145/2002/EB frá 10. júní 2002 um hvetjandi ráðstafanir bandalagsins á sviði atvinnumála (Stjtið. EB L 170, 29.6.2002, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2003.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.